

## **6. fundur Fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara í mennta- og menningar- málaráðuneytinu 11. nóvember 2014, kl. 13-16.**

### Mættir:

Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður Steingrimsdóttir, Anna María Gunnarsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Ásthildur Jónsdóttir (í fjarveru Kristínar Valsdóttur), Björg Pétursdóttir, Guðmundur Engilbertsson, Gunnar Gíslason, Ingibjörg Kristleifsdóttir, Jón Torfi Jónasson, Klara E. Finnbogadóttir, Sigurbjörn Marinósson, Svanhildur M. Ólafsdóttir og Sólrún Harðardóttir.

Eftirfarandi höfðu tilkynnt forföll: Guðbjörg Ragnarsdóttir, Haraldur Árni Haraldsson, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Steinunn Inga Óttarsdóttir,

Gestir fundarins voru: Arnór Guðmundsson, Almar M. Halldórsson, Ragnar Ólafsson og Þóra Björk Jónsdóttir.

Sigurjón setti fundinn, fór yfir dagskrá og bauð fólk velkomið. Sigurbjörn Marinósson hefur nú tekið sæti í fagráðinu en hann var varamaður Björns Þráins Þórðarsonar sem er í leyfi frá störfum vegna veikinda.

### **Samstarf fagráðs og Námsmatsstofnunar**

Arnór Guðmundsson forstöðumaður Námsmatsstofnunar kynnti sig og nýja verðandi stofnun, menntamálastofnun, fyrir fundarmönnum. Hann ræddi mikilvægi kennarastarfsins í skólastarfi og fagnaði því að eiga samtalið við fagráðið um gögn sem Námsmatsstofnun aflar. Hann lýsti vilja til að opna gögn fyrir fagfólki utan Námsmatsstofnunar t.d. í tengslum við stefnumótun.

### **Gögn frá Námsmatsstofnun**

Starfsmenn stofnunarinnar, Ragnar Ólafsson, Almar M. Halldórsson og Þóra Björk Jónsdóttir, voru með innlegg sem hugsuð voru sérstaklega fyrir fagráðið og tengjast starfi þess. Glærurnar sem þau töluðu útfrá fylgja fundargerðinni.

#### Ragnar Ólafsson: TALIS

Ragnar beindi sjónum að spurningum í TALIS könnuninni sem fjölluðu um menntun kennara, stuðning við nýliða, þátttöku í fræðslu af ýmsu tagi (starfsþróun), greiðslu kennaranna sjálfra vegna þátttöku í verkefnum er tengdust starfsþróun, samstarf kennara, þörf fyrir fræðslu og um endurgjöf til kennara.

Athuga ISCED2 vísar til unglingsstigs í grunnskóla og ISCED3 til framhaldsskóla.

#### Almar M. Halldórsson: PISA

Almar dró atriði út úr niðurstöðum PISA til umhugsunar fyrir fagráðið. Almar lýsti því sem kemur út úr PISA sem afleiðingum þess sem kennara gera. Hann beindi ljósinu sérstaklega að lesskilningi, ræddi kynjamun nemenda og jafnframt mismunandi útkomu eftir landsvæðum. Varðandi kennarana sjálfa sýndi hann upplýsingar varðandi endurmenntun þeirra, menntun, aldur og reynslu. Hann kom inn á skiptingu nemenda eftir getu þeirra, en jafnframt kennsluhætti og skilvirkni kennslustunda.

## Þóra Björk Jónsdóttir: Ytra mat

Þóra Björk útkýrði og greindi frá ytra mati, einkum á grunnskólum. Matið er í samræmi við það sem gert er annars staðar í Evrópu. Hún sagði frá ýmsum niðurstöðum og horfði síðan sérstaklega til þess hvar skórinn kreppir og þess sem mætti bæta í tengslum við nám og kennslu ásamt stjórnun. Sérstaklega var rætt um hve einsleitar kennslustundir væru, þótt þær væru almennt góðar.

Eftir framsögu Ragnars, Almars og Þóru Bjarkar var efnt til umræðu í tveimur hópum um efnið og velt var fyrir sér spurningunni: *Hvernig getum við nýtt þessar niðurstöður, hvað gerum við næst?* Punktur úr umræðunni fylgja fundargerðinni en meðal þess sem fólk ræddi var hversu mikilvægt væri að horfa til þess sem er að gerast innan kennslustofunnar, samfélagslegar og menningarlegar breytingar skila sér ekki inn í skólana og form símenntunar og starfsþróunar er að breytast í takt við tíðarandann. Draga þyrfti fram útfrá gögnum hvaða þættir virðast mikilvægir fyrir nám og kennslu og skoða hvort við sinnum þeim ríkulega eða takmarkað. Áhugavert þótti að tína til atriði sem helst þarf að skoða með umbætur í huga og koma þeim í umræðu úti í skólum og fá þannig kennara til að rýna í þau og hafa frumkvæði að umbótum. (Sjá ítarlegri skráningu í sérstöku skjali).

Ákveðið var að stýrihópur tæki upp umræðu um hvernig haldið væri áfram með vinnu útfrá þeim gögnum sem hér voru kynnt.

## **Hjálpargagn við vinnu fagráðs: Rök fyrir nýrri hugsun í menntakerfinu um starfsþróun kennara og spurningar um útfærslu hennar.**

Ekki gafst tími fyrir þennan dagskrárlið, en fundarmenn hafa fengið skjalið í tölvupósti og ættu því að vera kunnugir því. Hugmyndin er að stýrihópur gangi frá spurningum til aðila sbr. 3. lið í plagginu. Æskilegt væri að fulltrúar í fagráðinu kæmu að vinnu við 1. og 2. lið.

## **Af starfi vinnuhópa – verkefnastaðan almennt**

Sólrún sagði frá stöðu vinnunnar hjá vinnuhópum sem nýlega voru stofnaðir í kringum sjóðaskýrsluna annars vegar og ráðstefnuna *Future Teachers* hins vegar. Hún sagði líka almennt frá verkefnum á vegum fagráðsins.

## **Önnur mál**

Næsti fundur fagráðs er áætlaður í janúar.

*Sólrún Harðardóttir*  
fundarritari